

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

30. fundur

Fundur var haldinn í byggingarnefnd Suður-Þingeyinga mánudaginn 3. maí árið 2010. Fundurinn fór fram að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Helgi Hallsson, Jóhannes Steingrímsson, Kolbeinn Kjartansson, Kristján Snæbjörnsson, Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- 1. 201003107 – Erindi frá Mývatni ehf. Skútustöðum, Skútustaðahreppi**
Yngvi Ragnar Kristjánsson f.h. Mývatns ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við verslunina Sel. Byggingin sem er úr timbri og gleri er byggð yfir núverandi verönd austan við verslunina. Stærð er 45,6 m². Teikning er unnin af Yngva Ragnari Kristjánssyni.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
- 2. 200911072 – Erindi frá Landgræðslunni**
Þorlákur P. Jónsson f.h. Landgræðslunnar sækir um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám að Múlavegi 2 og 20 feta gám að Skútustöðum.
Byggingarnefnd leggur til við Skútustaðhrepp að erindið verði samþykkt og stöðuleyfi veitt til eins árs.
- 3. 201003097 - Erindi frá Sigríði Jónsdóttur, Bjarmastíg 15, Akureyri**
Sigríður Jónsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Fjósatungu lóð 216075. Húsið er timburhús á steiptum súlum 31,9 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Loga Má Einarssyni arkitekt á Kollgátu.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
- 4. 201004001 – Erindi frá Fasteignum ríkisins**
Haukur Haraldsson f.h. Fasteigna ríkisins sækir um leyfi til breytinga innanhúss á gamla skólahúsi Framhaldsskólans á Laugum. Breytingar felast í því að búningsklefum við sundlaug er breytt í félagsaðstöðu og snyrtingar og sundlaug í félagsaðstöðu.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
- 5. 201003100 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn um rekstrarleyfi til handa Friðriki Kristjáni Jakobssyni / Draumaborgir ehf. til sölu gistingar/veitinga á Kaffi Borgum við Dimmuborgir. Gististaður flokkur II.
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.
- 6. 201004031 - Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn um rekstrarleyfi til handa Hákonni Gunnarssyni / Bragabót ehf. / til sölu gistingar/veitinga að Árbót, Aðaldal. Gististaður flokkur II.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið að því gefnu að aðeins séu leigð út þau herbergi sem til þess séu ætluð samkvæmt teikningum.

7. **201004033 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn um rekstrarleyfi til handa Sigurði J. Freygarðssyni til sölu gistingar/veitinga að Hálsi, Fnjóskadal.
Gististaður flokkur I og II.
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið að því gefnu að aðeins séu leigð út þau herbergi sem til þess séu ætluð samkvæmt teikningum.
8. **201004098 – Erindi frá Þorbergi Ásvaldssyni, Lynghrauni 9, Skútustaðahreppi**
Þorbergur Ásvaldsson sækir um leyfi til að setja svalahurð út úr stofu að Lynghrauni 9
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
9. **201004104 – Erindi frá Brynjari Sigtryggssyni, Ársölum 1, Kópavogi**
Brynjar Sigtryggsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús á landi hans Lerkiholti í Reykjadal. Húsið er timburhús, ein hæð og ris samtals 74,8 m². Teikningar eru unnar af Einari Ólafssyni hjá Búbót hönnun og ráðgjöf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um meðmæli Skipulagsstofnunar á grundvelli 3.tl. skipulags- og byggingarlaga.
10. **201005002 – Erindi frá Þórhalli Kristjánssyni, Björk, Skútustaðahreppi**
Þórhallur Kristjánsson sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishús að Björk lóð 176701. Húsið er sett saman úr gámaeiningum 144 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Sveini Þór Hallgrímssyni.
Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðhrepps að erindinu verði hafnað enda telur nefndin að útlit hússins sé ekki ásættanlegt.
11. **201005008 - Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn varðandi nýtt rekstrarleyfi til handa Lundsgolfi ehf./ Þórólfi Guðnasyni kt. 150619-3009, Lundi 1, Fnjóskadal. Rekstrarleyfi til sölu veitinga í golfskála að Stekkjarbyggð 215069. Veitingastaður flokkur II
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn.
12. **201005007 – Erindi frá Þorláki P. Jónssyni, Garði 3, Skútustaðahreppi**
Þorlákur P. Jónsson sækir um byggingarleyfi fyrir gróðurhús á lóð íbúðarhúss að Garði 3. Staðsetning samkvæmt meðfylgjandi afstöðumynd. Húsið verður byggt úr vatnsrörabogum með svokölluðu gróðurhúsaplasi, fest niður á steypar undirstöður. Stærðin er 4,10 m á lengd og 3,00 m á breidd, telst 12,3 m². Mesta hæð boganna er 2,15 m. Fyrir liggur leyfi landeiganda Kára Þorgrímssonar, Garði 2.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15²⁰.

Eiður Árnason
Jóhannes Steingrímsson
Helgi Hallsson
Kristján Snæbjörnsson
Kolbeinn Kjartansson
Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.